

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 177/2012****2012/EES/70/25****frá 28. september 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2012 frá 13. júlí 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 454/2011 frá 5. maí 2011 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „fjarvirknibúnaður fyrir farþegaflutninga“ í samevrópska járnbrautakerfinu <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 37di (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/291/ESB) í XIII. viðauka við samninginn:

„37dj. **32011 R 0454**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 454/2011 frá 5. maí 2011 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „fjarvirknibúnaður fyrir farþegaflutninga“ í samevrópska járnbrautakerfinu (Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2011, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 454/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Atle Leikvoll**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2011, bls. 11.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.